

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað Neskaupstaður



Dags eftirlits	29.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Síldarvinnslan hf. Neskaupstað	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hafþór Eiríksson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Sindri Karl Sigurðsson	Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík. Svifagnir voru yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku frá frárennsli maí 2024.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Starfsleyfi fiskimjölverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, sem gildir til 3. september 2036, heimilar að framleitt sé fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskafurðum. Heimilt er að framleiða úr allt að 2.380 tonnum af hráefni á sólarhring. Einnig er heimilt að reka litla tilraunavinnslu, eingöngu vegna rannsóknaverkefna, sem tengd er sömu mengunarvörnum og önnur vinnsla rekstraraðila, með afkastagetu undir 10 tonnum/sólarhring.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir
- Skoðunarferð
- Fylgiskjöl

1. Fjögur frávík komu fram í eftirliti árið 2024 og eitt eldra frávík var ennþá opið og hafði tveimur af þeim verið lokað áður en eftirlitið árið 2025 átti sér stað. Frávikin sem voru opin. 1) Frárennsli verksmiðjunnar stóðst ekki kröfur í mælingu í febrúar 2024 samkvæmt gr. 3.3. í starfsleyfi. Rekstraraðili tók aðra mælingu 28. apríl 2025 frá frárennsli og stóðst sú mæling kröfur starfsleyfis og er því frávikinu lokað. 2) Árið 2023 mældist TVN- gildi þrisvar sinnum yfir 100 mg N/mg. Frávikinu er lokað þar sem allar mælingar fyrir árið 2024 og fram að ágúst 2025 voru innan gilda starfsleyfis. 3) Eitt eldra frávík var opið þegar eftirlit fór fram, er varðar geymslu efna. Rekstraraðili er búinn að setja upp efnageymslu og er því frávikinu lokað. Rekstraraðili brást við öllum ábendingum sem voru settar fram árið 2024.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum var skilað inn 28. apríl 2025. Þykkt neðsta umfars lýsisgeyma nr. 2 og 4 var mæld í júní 2023. Botn geymis nr. 4 var þykktarmældur þann 10. júlí 2024 og botn geymis nr. 2 var þykktarmældur 24. september 2024. Lýsisgeymir nr. 3 var mældur í júní árið 2020. Tvær niðurgrafnar lýsislagnir eru í eigu rekstraraðila, annars vegar framleiðslulögn sem er að hluta til neðanjarðar og liggur frá verksmiðju að lýsisgeymum og hins vegar útskipunarlögn sem liggur frá lýsisgeymum að bryggju. Útskipunarlögnin var síðast þrýstiprófuð í júní 2021 og framleiðslulögnin var þrýstiprófuð 22. september 2022. Þrýstiprófa þarf niðurgrafnar olíulagnir á a.m.k. fimm ára fresti og eru því ekki gerðar athugasemdir við prófanirnar.

4. Niðurstöður mælinga á TVN hafa borist eftirlitsaðila í samræmi við kröfur í starfsleyfi en rekstraraðili er hvattur til að senda eftirlitsaðila upplýsingar um vinnsluhlé. Farið var yfir TVN mælingar frá janúar 2024 til ágúst 2025, ekki voru gerðar athugasemdir við mælingar. Frárennismæling var framkvæmd í maí 2024 og voru svifagnir yfir mörkum starfsleyfis og er það því frávík. Rekstraraðili tók aðra frárennismælingu 28. apríl 2025 og voru gildi innan marka starfsleyfis og er því frávikinu lokað.

5. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru til staðar. Áætlun um meðhöndlun úrgangs og áætlun vegna tímabundna og varanlegrar rekstrarstöðvun var til staðar. Rekstraraðila er bent á að setja mælanleg umhverfismarkmið.
6. Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Framkvæmdum við efnafgeymslu er lokið og er fráviki því lokað. Lýsisgeymar voru skoðaðir sem og þró umhverfis þá. Verið var að fjarlægja gróður og lausa hluti sem voru við þróna.
7. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 3.16 í starfsleyfi.

Svifagnir voru yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku frá frárennsli sem var framkvæmd í maí 2024. Frárennismæling var framkvæmd 28. apríl 2025, þar var losun innan gilda starfsleyfis og er frávikin því lokað.

ÁBENDINGAR

Umhverfismarkmið skulu vera til staðar.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík,

20.11.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir